

FYLGISKJÖL 4 . Umsagnir við frummatsskýrslu


1. Sveitarfélagið Ölfus, 14. ágúst 2008.
2. Fornleifavernd ríkisins, 6. ágúst 2008.
3. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 15. ágúst 2008.
4. Umhverfisstofnun, 15. ágúst 2008.
7. Skipulagsstofnun – bréf um umsagnir, 28. ágúst 2008.
8. Breytt stærð framkvæmdasvæðis. **Tillaga 1a.**
9. Tillaga að áfangaskiptingu efnisvinnslu.



SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS

RÁÐHÚSI ÖLFUSS • HAFNARBERGI I • 815 ÞORLÁKSHÖFN • SÍMI 480 3800 • FAX 480 3801

Skipulagsstofnun
b.t. Rutar Kristinsdóttur
Laugavegi 166
150 Reykjavík




Umsögn vegna efnistöku í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss


Bæjarráð Ölfuss hefur farið yfir frummatsskýrslu um efnistöku úr Lambafelli sem fyrirtækið Jarðefnaiðnaður hefur tilkynnt til Skipulagsstofnunar.

Bæjarráð telur að gerð sé góð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna enda er náman er inn á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 og er því í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um nýtingu á efni úr Lambafelli.

Þorlákshöfn 14. ágúst 2008,


Virðingarfyllst,


Ólafur Aki Ragnarsson
Bæjarstjóri





Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegur 166
150 Reykjavík



Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 6. ágúst 2008

Tilvisun: Fvr 2008020010 /KM

Efni: Efnistaka Jarðefnaiðnaðar ehf. í Lambafelli í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Fornleifavernd ríkisins hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 11. júlí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Í kafla 4.9 í frummatsskýrslu er fjallað um fornleifar. Þar kemur fram að Fornleifafræðistofan tók að sér að kanna hvort fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í fylgiskjali 2.1 með frummatsskýrslu er greinargerð Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings. Þar kemur fram að engar fornleifar er að finna á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Í norðurjaðri umráðasvæðis Jarðefnaiðnaðar ehf fannst gömul gata eða stígur sem liggur upp skarðið á milli Lambafells og Lambafellshnjúks. Í frummatsskýrslu kemur fram að framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á götuna þar sem hún er utan framkvæmdasvæðis.

Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á fornleifar. Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að 13. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður


Kristinn Magnússon
Deildarstjóri



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 482 2410 – Myndsendir 482 2921 – Netfang hs@eyjar.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík




Selfossi, 14. júlí 2008
0802040HS BP


Efni: Frummatsskýrsla um efnistöku Jarðefnaiðnar ehf í Lambafelli.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar frummatsskýrslu Bólta ehf, f.h. Jarðefnaiðnaðar ehf, um efnistöku í Lambafelli úr landi sveitarfélagsins Ölfuss.


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur kynnt sér matsskýrsluna og gerir ekki athugasemdir, fyrir sitt leyti vegna mengunarvarna.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun
Sigmar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 15. ágúst 2008
Tilvísun: UST20080700137/sf

Efnistaka í Lambafelli í landi Sveitarfélagsins Ölfuss - frummatsskýrsla

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Framkvæmdalýsing

Samkvæmt upplýsingum í frummatsskýrslu er stærð umráðasvæðis Jarðefnaíðnaðar 37,1 ha og verður aðkoma inn á svæðið sameiginleg með núverandi aðkomu Árvéla. Lagðir eru fram tveir valkostir í frummatsskýrslu. Samkvæmt tillögu 1 er gert ráð fyrir að vinnslusvæðið verði allt að 23,1 ha og að unnir verði allt að 18 milljónir m³ á 30 árum eða til ársins 2038, þ.e. að jafnaði 600.000 m³ á ári. Samkvæmt tillögu 2 er gert ráð fyrir vinnslusvæði allt að 19,5 ha og að unnir verði allt að 15 milljónir m³ á 30 árum eða um 500.000 m³ á ári.

Náttúrufar

Í greinargerð um gróður og fuglalíf í Lambafelli (sjá fylgiskjal með frummatsskýrslu) kemur fram að alls fundust 83 tegundir háplantna á og við Lambafell, sem og 11 tegundir mosa og 4 tegundir fléttna. Engin þeirra tegunda er sjaldgæf á landsvísu eða á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Tegundafjölbreytni er þó nokkur og gróska víða talsverð. Vakin er athygli á svæðum sem eru sérstaklega gróskumikil, þ.á m. gróðursælum brekkum norðan námunnar, á námasvæði Jarðefnaíðnaðar. Fuglalíf á athugasvæðinu er fáskrúðugt og innan fyrirhugðs námasvæðis verpur enginn fugl á válista svo vitað sé. Í framangreindri greinargerð er lagt til að framkvæmdaraðilar hlífi grónustu svæðunum eins og kostur er. Þar er einnig bent á áhrif sandfoks frá námum í Lambafelli á mosa og annan gróður, sem kanna þyrfti betur. Lagðar eru fram tillögur um uppgræðslu og talið nauðsynlegt að haft verði samráð við sérfræðinga um uppgræðslu.

Í frummatsskýrslu kemur fram að mótvægisáðgerðir felast einkum í að hvetja þann gróður sem er umhverfis svæðið til að taka sér bólfestu á ný að framkvæmdum loknum.

Umhverfisstofnun telur að fara eigi að þeim tillögum sem fram koma um uppgræðslu í

fyrirgreindri greinargerð og hafa samráð við þar til bæra sérfræðinga um uppgræslu á námasvæðinu þegar að þeim þætti framkvæmdarinnar kemur.

Náttúruminjar

Í umfjöllun um jarðfræði í kafla 4.7 í frummatsskýrslu segir m.a.:

„Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta eldhraun eða nútímahraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þegar hefur Svínahraunsbruna verið raskað við rætur námasvæðanna í Lambafelli. Aðkeyrsla að námum og vinnsluplan liggur á hrauninu. Ekki þarf að raska hrauninu frekar en orðið er við áframhaldandi námuvinnslu í námu Jarðefnaináðar.“

Eldborgir við Lambafell og hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis eru á náttúruminjakrá (svæði nr. 753). Eldhraun og eldvörp njóta einnig sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en hraun umlykja Lambafell. Í stefnumörkun umhverfisráðuneytis um sjálfbæra þróun (Velferð til framtíðar) kemur m.a. fram að forgangsmál sé að vernda jarðmyndanir og kerfi sem eru sjaldgæf eða óvenjuleg á heimsmælikvarða, svo sem dyngjur, eldborgir, gígaraðir, móbergsmýndanir, lindasvæði og virkt jöklalandslag; svo og landslag og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. hraun, móbergsfjöll, fossa og hverasvæði. Umhverfisstofnun veur athygli á að samkvæmt afmörkun námusvæðis á loftmyndum sem fylgja frummatsskýrslunni nær námusvæðið inn á óraskaðan hluta hrauntungu milli þjóðveggar og fjallshlíðar. Stofnunin telur að afmarka eigi efnistökusvæði í Lambafelli þannig að hrauntungunni milli þjóðveggar og fjallshlíðarinnar verði ekki raskað frekar en orðið er til að vernda jarðmyndanir sem njóta verndar og til að áhrif á nærsvæði vegarins verði sem minnst. Miða eigi við að aðstöðusköpun verði alfarið á þegar röskuðu svæði. Í því sambandi má benda á að við aukna efnistöku skapast meira rými fyrir athafnasvæði þar sem hlíðarfóturinn færir innar.

Landslag/ sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun telur ljóst að námuvinnslan muni hafa töluverð sjónræn áhrif í för með sér, enda skammt frá einum fjölfarnasta þjóðvegi landsins. Í frummatsskýrslu kemur fram að námusvæðið muni sjást á um 7-8 km vegarkafli frá Þrengslavegamótum vestan frá og upp fyrir afleggjara Orkuveitunnar upp á Hellisheiði. Einnig kemur þar fram að útsýni til framkvæmdarinnar taka helst til vegfarenda, útivistarfólks og gesta á svæðinu, en vegfarendur eru fjölmennasti hópurinn. Í frummatsskýrslu segir jafnframt: *„Verulega röskuð eða skert hlíð Lambafells mun í framtíðinni blasa við þeim meðan á framkvæmd stendur og verulega breytt útlit Lambafells að framkvæmd lokinni.“*

Umhverfisstofnun telur að með því vinnulagi sem lýst er í frummatsskýrslu sé eins og unnt er dregið úr sjónrænum áhrifum á vinnslutíma. Stofnunin telur mikilvægt að því vinnulagi verði fylgt eftir.

Í frummatsskýrslu eru lagðar fram tvær tillögur um stærð vinnslusvæðis. Fram kemur að valkostur 2 sé mildari varðandi ásýnd frá Hringvegi vestan til en samkvæmt þeim kosti er skilinn eftir neðri hluti skriðunnar sem snýr í norðvestur og er fyrsta ásýnd fjallsins séð frá Hringvegi. Í frummatsskýrslu kemur þó jafnframt fram að aðeins sé um stutta vegalengd að ræða enda skyggi Lambafellshnjúkur á námusvæðið að hluta til þaðan séð. Umhverfisstofnun telur að velja eigi þannig kost sem veldur minnstum sjónrænum áhrifum og telur því að velja eigi valkost 2, enda kemur fram í frummatsskýrslu að hann hefur í för með sér minni ásýndarbreytingu frá ákveðnu sjónarhorni.

Vatnafar

Í frummatsskýrslu og minnisblaði Línuhönnunar um jarðfræði og grunnvatn (fylgiskjal með frummatsskýrslu) kemur fram að grunnvatnsstraumur námusvæðisins beri heitið Selvogsstraumur. Hann hafi þá sérstöðu að streyma allur fram neðanjarðar, þ.e. að á vatnasviði hans eru engar uppsprettur eða stöðuvötn auk þess sem engin vatnsból þéttbýliskjarna nýta vatn úr honum. Í frummatsskýrslu segir jafnframt : „Ekki er gert ráð fyrir að mengunarhætta geti orðið vegna efnistökkunnar. Námusvæðið er ekki á vatnsverndarsvæði og engin vatnsból þéttbýliskjarna nýta vatn úr Selvogsstraumnum sem rennur í suður í átt til sjávar.“ Þá kemur fram í skýrslunni að gert er ráð fyrir að olíubirgðum geymdum á svæðinu verði haldið í lágmarki og er lögð áhersla á gott viðhald vinnuvéla og að lek tæki verði ekki á svæðinu. Verði olíuslys skuli gripið til viðeigandi ráðstafana.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki kemur fram í frummatsskýrslu hvort önnur vatnsból en þau sem þéttbýlissvæði nýta eru innan svæðisins. Þá er ekki getið um starfsemi vatnsátöppunarverksmiðju í landi Hlíðarenda sem virðist vera innan þess svæðis sem afmarkað er fyrir Selvogsstrauminn á mynd 4 í fyrrgreindu minnisblaði Línuhönnunar.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gætt verði fyllstu varúðar í meðferð og notkun mengandi efna á framkvæmdasvæðinu í samræmi við starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Loftmengun

Almennt séð hefur námurekstur af þessari stærðargráðu veruleg áhrif á loftgæði í nágrenninu. Útblástur vinnuvéla er óverulegur hluti en rykmengun frá starfseminni er sá þáttur sem valdið getur mestri loftmengun.

Þótt efnið í námunni innhaldi lítið silt þá brotnar efnið niður á námuveginum og iðulega má sjá allnokkra rykmengun frá veginum að námunni í þurru veðri. Búast má við að mjög stór hluti rykmengunar frá námunni sé frá veginum sjálfum. Bundið slitlag á námuveginn mundi draga verulega úr þeirri mengun. Hinsvegar er náman ekki nálægt byggð og loftmengun því minna vandamál en ef náman væri nær byggð.

Aldrei hafa verið gerðar mælingar á rykmengun á svæðinu en í sérfræðiskýrslu um gróður og fuglalíf er sagt frá því að sjá megi áhrif sandfoks á mosa og annan gróður og að það þyrfti að kanna betur. Þarna eru fleiri námur á litlu svæði. Mælingar á fallryki og svifryki í nágrenni þessara námusvæða myndu gefa gleggri mynd um hversu mikið ryk er þarna á ferðinni.

Útivist

Í frummatsskýrslu kemur fram að Lambafell er í grennd við vinsæl útivistarsvæði. Þar kemur einnig fram að slóðir liggi sunnan og vestan við Lambafellið en þær hliðar fjallsins sem þangað snúi verði ósnortnar af framkvæmdunum. Á korti yfir fornar gönguleiðir sem Sveitarfélagið Ölfuss hefur gefið út er merkt leið, Reykjavegur, sem liggur utan í Lambafelli eða í kverkinni milli Lambafells og Lambafellshnjúks. Samkvæmt tillögu 2 verða mörk námusvæðisins í meiri fjarlægð frá gönguleiðinni og telur Umhverfisstofnun því að sá valkostur sé betri en tillaga 1 með tilliti til áhrifa á útivist.

Vinnslutilhögun, haugsetning efnis og frágangur

Umhverfisstofnun telur að við lokafrágang námunnar eigi fláar að vera í sem mestu samræmi

við upprunalegan landhalla. Til þess verði fláar að vera nokkuð flatari en gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu segir m.a. um frágang: „Frákastsefni verður til staðar annars vegar í botni námu og athafnasvæði og hins vegar á námubrún. Frákastsefni á á brúnum námunnar verður rutt fram af námubrúnum. Núverandi jarðvegur, utan á hliðinni, yrði þannig að einhverju leyti dreift yfir hlið námunnar að framkvæmd lokinni og myndaði þannig grunn fyrir endurheimt gróðurs í hliðinni.“

Umhverfisstofnun telur þá hugmynd að dreifa jarðvegi yfir hlið námuna ágæta en telur þó að ekki eigi að haugsetja mold eða annað efni á fjallinu til lengri tíma vegna fohættu. Ef af verður ætti að flytja efnið upp á fjallið eins seint á vinnslutíma og kostur er.


Umhverfisstofnun telur rétt að efnistakan verði áfangaskipt, sbr. umfjöllun í frummatsskýrslu vegna efnistöku Árvéla í Hjallatorfu í Lambafelli, en þar er gert ráð fyrir að skipta efnistöku í þrjá áfanga og er hver áfangi um sig áætluður fyrir u.þ.b. 10 ára vinnslutímabil. Stofnunin telur einnig nauðsynlegt í ljósi hins langa vinnslutíma að áætlun um efnistöku verði endurskoðuð reglulega í samráði við hlutaðeigandi aðila.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistöku verði fyrst og fremst áhrif á jarðmyndanir auk sjónrænna áhrifa. Áhrif á jarðmyndanir eru veruleg og óafturkræf. Þau áhrif eru þó þegar að nokkru leyti komin fram vegna efnistöku liðinna ára.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur þó að ef tekið verður tillit til framangreindra athugasemda mætti draga enn frekar úr sjónrænum áhrifum umræddrar efnistöku. Stofnunin telur að velja eigi valkost/tillögu 2 í frummatsskýrslu. Í ljósi hins langa vinnslutíma telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að framkvæmdaraðili endurskoði reglulega áætlun um efnistöku í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Virðingarfyllst


Sigrún Friðriksdóttir
fagstjóri


Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri

Bölti ehf.
Sigurður Þ. Jakobsson
Lyngheiði 23
810 Hveragerði

Reykjavík, 28. ágúst 2008
/--

Efni: Umsagnir vegna efnistöku Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli, Ölfusi

Skipulagsstofnun hafa borist meðfylgjandi umsagnir frá Sveitarfélaginu Ölfusi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun vegna efnistöku Jarðefnaiðnaðar í Lambafelli.

Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu þarf framkvæmdaraðili, umfram það sem kemur fram í frummatsskýrslu, að gera efnislega grein fyrir og taka afstöðu til umsagna sem Skipulagsstofnun hafa borist um frummatsskýrslu. Setja þarf fram á skýran og aðgengilegan hátt innihald umsagna ásamt rökstuddri afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun vill leggja til að gerð verði grein fyrir efnispáttum umsagna og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra í viðkomandi köflum sem efnisatriði umsagna taka til. Áður en Skipulagsstofnun tekur matsskýrslu til formlegrar efnislegrar meðferðar þarf stofnuninni að berast eitt eintak af matsskýrslu þar sem breytingar frá frummatsskýrslu sem og viðbætur við skýrsluna eru skýrt auðkenndar (t.d. með gulum lit).



Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

ÖLFUS, AFRÉTTUR

ÖLFUS,

HJALLI,

ÞRENGSLAVEGUR

NÁMA (AV

Lambafell

KORT 3 Br



Böfli ehf LYNGHEIDI 23, 810 HVERAGERÐI, S 8623229, sigloke@innnet.is	
JARDEFNAIDNAÐUR EHF., LAMBAFELLSNÁMA	KVAÐI:
TILLAGA AD VINNUSLVÆÐI	REKNI: 8SU
TILLAGA 1 – Breyting 07.09.08	TEIKN: 8SU
SAMP:	DMGS: 6.07.08
	KL: 100745-6588
	NR: 07023-V1

ÖLFUS, AFRÉTTUR

ÖLFUS,

HJALLI,

ÞRENGSLAVEGUR

LAMBAFELL LAND
F=37,1 ha

ADKOLI

NÁMA (AV

Lambafell

L04

496.52

L03

300

471.81

400

500

L02

389.9

2018-2028


2028-2038

2008-2018

317.49

934.52

L01



Böfiti ehf. LYNGHEIDI 23, 810 HVERAGERDI, S 8623229, sigloka@innnet.is	KVAÐI:
JARDEFNAIDNADUR EHF., LAMBAFELLSNAMA	REKIR: SBU
TILLAGA 1	TEIKN: SBU
AFANGASKIPTING EFNISVINNSLU	DAGS: 06.09.08
SAMP:	KL: 100745-6589 NR: 07023-V3